


Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Fundargerð	

Dags.: 06.10.2021	Tími: 17-18	Staðsetning: Teams fundur	Fund boðaði: SHJ
-------------------	-------------	---------------------------	------------------


Þátttakendur

Mættir:	Fulltrúar foreldra: Agnes Tulinius, Sonja Kro, Birna Þórmunds., Jóhannes B. Guðmundsson og Gunnbjörn Ketilsson Sigríður Huld skólameistari og Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari.
Fjarverandi:	Guðjón Marteinsson, Klara Sveinsdóttir, Rannveig Elíasd

Dagskrá:

1. Kosning formanns og fulltrúa í skólanefnd.
2. Fræðsla til foreldra á skólaárinu.
3. Fundatímar foreldrafélags.
4. Önnur mál.

nr.	Fundargerð dagskrárliðs
1.	<p>Kosning formanns</p> <p>Skólameistari setti fund og bauð fundamenn velkomna. Skólameistari sagði frá því að síðustu tvö skólaár hefðu verið lituð af COVID og starfsemi foreldrafélagsins nánast legið niðri. Á þessum COVID tímum hefðu samskipti milli stjórnenda skólans og foreldra nánast einungis verið í gegnum tölvupósta og fjarfundi. Nú væri verkefni þessa árs að rífa aðeins upp starfið og gera það sýnilegra. Byrjað á því að fólk kynnti sig. Gunnbjörn Ketilsson var kosinn formaður, hann mun sitja fundi skólanefndar. Til vara er Jóhannes . B. Guðmundsson. Skóalmeistari mun boða fundi í félaginu og fólk sammála um að hafa þá í fjarfundi. Allt í lagi að halda fundi í hádeginu en það kom fram á fundinum að miðvikudagar henti illa til funda.</p>
2.	<p>Fræðsla til foreldra</p> <p>Rætt um möguleg umræðuefni á fræðslufundi til foreldra t.d. forvarnir, umfjöllun um kvíða og sjálfstyrkingu, fá námsráðgjafa til að ræða um námstækni og skipulag. Skólameistari ætlar að ath hvort hægt verði að fá Siggu Dögg kynfræðing til að vera með fræðslu fyrir foreldra en Sigga Dögg er að koma á fræðslufund með nemendum í nóvember.</p>
3.	<p>Fundatímar</p> <p>Allir sammála um að hafa fræðslu til foreldra í formi fjarfunda.</p>
4.	<p>Önnur mál</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Skólameistari sagði frá því að VMA hefði enn sem komið er allavega, sloppið við þann COVID faraldur sem nú gengur yfir í grunnskólum Akureyrar. Nokkuð um nemendur og starfsmenn í sóttkví. 2. Aðstoðarskólameistari hældi foreldrum fyrir gott uppeldi barna sinna. Önnin farið frekar rólega af stað og nýnemar skemmtilegur og kurteis hópur. 3. Spurt um skólaball sem haldið var í síðustu viku. Ballið gekk mjög vel og nemendur skemmtu sér vel. Foreldrar hvattir til að vera duglegir að hvetja börn sín til að taka þátt í félagslífinu. Framundan er m.a. Lan-mót og áheyrnaprúfur fyrir leikritið.

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN	Fundargerð	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Skólameistari ath með Sigu Dögg og fræðslu frá sálfræðingi og náms- og starfsráðgjöfum í lok nóvember.

Fundargerð ritaði: Sigríður Huld	dags. 06.10.2021
----------------------------------	------------------

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á): Samkvæmt málalykli í GoPro og birt á heimasíðu skólans undir Foreldrafélag VMA.